

Lög Ungmennafélagsins Heklu

1. Félagið heitir Ungmennafélagið Hekla.
2. Félagssvæði þess er Rangárþing Ytra.
3. Markmið félagsins er að stuðla að eflingu íþróttá og æskulýðsstarfs á félagssvæðinu ásamt öðrum menningarmálum.
4. Félagið er aðili að Héraðssambandinu Skarphéðni.
5. Aðalfund skal halda fyrir Héraðsþing HSK ár hvert og skal til hans boðað bréflega eða á annan áberandi hátt með minnst viku fyrirvara. Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða og á jöfnum atkvæðum er tillaga felld. Allir fundir eru löglegir sé löglega til þeirra boðað.
6. Stjórn boðar til félagsfundar svo oft er þurfa þykir með sama hætti og segir til um boðun aðalfundar. Skýlt er að boða félagsfund ef 40 félagsmenn eða fleiri óska þess.
7. Á aðalfundir skal kjósa 5 manna stjórn. Formann skal kjósa sér og 4 meðstjórnendur sér. Stjórn skiptir með sér frekari verkum á fyrsta fundi stjórnar og skal þar kjósa varaformann, gjaldkera og ritara. Kjósa skal sérstaklega um tvo varamenn í stjórn og kjósa skal sérstaklega um tvo skoðunarmenn reikninga og einn til vara. Skýlt er að hafa leynilega kosningu sé óskað eftir því. Ef aðeins eitt framboð berst í embætti er sjálfkjörið og þarf ekki að halda kosningu.
8. Á aðalfundi skal kosið í önnur embætti samkvæmt frekari reglugerðum og samþykktum. Aðalfundur ákvarðar félagsgjald.
9. Allir geta orðið félagar í UMF Heklu. Kosningaréttur miðast við 12 ára og eldri en kjörgengi miðast við 18 ára og eldri.
10. Reikningsár félagsins er almanaksárið og skulu prókúruhafar annast allar fjárreiðar félagsins.
11. Halda skal glöggfátal þar sem fram kemur nafn, kennitala og heimilisfang hvers félaga.
12. Leggist starfsemi félagsins niður skal sjóður félagsins ávaxtast í viðskiptabanka félagsins. Verði ekki innan tíu ára stofnað annað félag er starfar á sama grundvelli, skal viðskiptabanki félagsins færa sveitarstjórn eignir félagsins til ráðstöfunar.

Þannig samþykkt á aðalfundi 21.2.1991

Breytingar samþykktar á aðalfundi 13.2.1994.

Breytingar samþykktar á aðalfundi 7.5.2024